



Fundargerð stjórnar SSA

Fundur nr. **5** starfsárið 2011 - 2012

Fundur var haldinn í stjórn SSA föstud. 3. feb. 2012. Hófst kl. 12:00 með hádegisverði á Gistihúsinu, Egilsstöðum, en þar fór fundurinn einnig fram.

Fundinn sátu: Stefán Bogi Sveinsson, Þórunn Egilsdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Eydís Ásbjörnsdóttir (varamaður fyrir Jón Björn Hákonarson, sem boðaði forföll), Unnur Björgvinsdóttir, Gauti Jóhannesson og Jón Þórðarson, (varam. Arnbjargar Sveinsdóttur, sem boðaði forföll). Auk þess sat fundinn Björn Hafþór Guðmundsson, verkefnastjóri SSA og ritaði hann fundargerð. Valdimar stýrði fundi.

Liður nr. 2 var tekinn fyrir fyrst, en er færður til bókar skv. uppsettri dagskrá.

1. Fundargerðir SSA og ýmis verkefni, er tengjast starfi SSA:

a) Stjórnarfundur SSA 12. des. 2011.

Fundargerðin staðfest.

b) Framkvæmdaráð SSA 22. jan. 2012.

Eftirtalin mál rædd:

Liður 1 b). Fjármálaþátturinn. Stjórn SSA staðfestir aðkomu SSA að fjármögnun AST verkefnisins af eigin aflafé til áramóta 2011. Stjórnin lítur svo á að frá og með 1. jan. 2012 verði nýttur sérgreindur styrkur, sem fékkst í þessu skyni og eftir atvikum með fjárhagslegri aðkomu allra hlutaðeigandi stofnana til að ljúka starfinu.

Liður 1 d). Staðfest var að greiðslur til fulltrúa SSA í vinnuhópi og frkv.nefnd AST yrðu hinar sömu og til framkvæmdaráðs SSA.

Liður 3. Staðfestur skammtíma ráðningarsamningur BHG sem verkefnastjóra SSA, sbr. heimild til handa form. / framkvæmdaráði í lið 4 frá fundi stjórnar 12. des. 2011.

Liður 6 c); tilboð frá SAGAZ / Árni Emilsson um kynningu á starfsemi SSA og nokkurra sveitarfélagaá starfssvæði SSA í ritinu Ísland – Atvinnuhættir og menning 2010. Stjórn SSA afþakkar boðið.

Fjallað var um lið 6 d) málefni Reykjavíkurlflugvallar, sbr. bókun þar um. BHG kynnti ábendingu um að stjórn SSA í samráði við ýmsa aðra hlutaðeigandi beiti sér fyrir sérstöku málþingi fyrir vorið, þar sem fram kæmu sjónarmið hinna fjölmörgu, sem hafa hag af því að innanlandsflug verði sem bezt tengt við stjórnsýslu landsins.

Samþ. að fela framkvæmdaráði SSA að vinna að framgangi málsins í samráði við Samgöngunefnd SSA (SASSA).

Fundargerðin staðfest.

c) Samstarfsnefnd SSA 14. des. 2011.

d) Samstarfsnefnd SSA 27. jan. 2012.

Jón Þórðarson, formaður samstarfsnefndar, fór yfir nokkur atriði í báðum fundargerðunum og gerði grein fyrir hugmyndum nefndarmanna um starfið á næstu mánuðum. Einkum væri fyrirhugað að vinna í eftirtöldum verkefnum:

i) Menntamálum, sbr. fund með forsvarsm. Verkmenntaskóla Austurlands í Neskaupstað 27. jan. og fund JÞ með skólameistara Menntaskólans á Egilsstöðum fyrir skömmu. Um miðjan þennan mánuð er áformað að funda með Vopnfirðingum í ljósi baráttumáls þeirra að stofna til framhaldsnáms í heimabyggð.

- ii) Varnarbaráttumálum sbr. heilbrigðismálin í fjórðungnum. Nefndarmenn hefðu kynnt sér starfsemi HSA / FSN í Neskaupstað og áformaður væri fundur með framkvæmdastjórn HSA á Egilsstöðum 2. marz.
- iii) Sóknarfæri sbr. verkefnið S 20/20.

Fundargerðir undir liðum 1 c) og d) lagðar fram til kynningar.

- e) Samgöngunefnd SSA 14. des. 2011.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- f) AST. Fram kom í fundarboði að finna megi allar fundargerðir úr starfi AST á heimasíðunni www.austur.is.

Tveir stjórnarmanna í SSA og fulltrúar SSA í vinnuhópi AST (SBS og VOH) gerðu grein fyrir stöðu mála. Vegna fjarveru ASv. sem sæti á í framkvæmdanefnd um AST, náði kynning þeirra einnig yfir starf framkvæmdanefndarinnar. M.a. kom fram að náðst hefði samkomulag um að auglýsa starf framkvæmdastjóra, þrátt fyrir að ekki hefði enn formlega verið gengið frá ýmsum veigamiklum atriðum í verkferlinu.

Undir þessum lið var rædd þörf á viðaukasamningi við verkefnastjóra AST, þar sem verkefnið hefur dregið á langinn. Til staðar er sérgreint fjármagn til að vinna áfram að verkefninu. Samþykkt var samhljóða að af hálfu SSA hefði framkvæmdaráð SSA heimild til að ganga frá viðbótarsamningi við verkefnisstjóra, Stefaníu G. Kristinsdóttur, á grundvelli draga að endursk. verkáætlun, sem lá fyrir fundinum.

- g) Héraðsskjalasafn Austurlands. Stjórnarf. 4. jan. 2012. Fundarg. lögð fram til kynn.

2. Almenningsamgöngur á starfssvæði SSA:

- a) Inn á fundinn mættu eftirtalin undir þessum lið:
Smári Ólafsson, hjá VSÓ, sem veitt hefur SSA sérfræðiaðstoð í vinnuferlinu, Einar Kristjánsson, sviðsstjóri skipulags- og þróunarviðs hjá Strætó BS, Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, form. vinnuhóps SSA um almenningsamgöngur.
Þegar form. hafði boðið gestina velkomna á fundinn fór fram kynning á möguleikum á aðkomu Strætó BS að útboðsmálum og/eða tækniþjónustu vegna verkefnisins á starfssvæði SSA. Fyrir liggur að aðkoma á vegum Strætó BS gæti snúið að leiðunum Akureyri / Egilsstaðir annars vegar og Egilsstaðir / Höfn hins vegar, en einnig að svæðinu í heild. Síðan svöruðu gestirnir fyrirspurnum.
M.a. kom skýrt fram að gestirnir töldu eðlilegt að allt skipulag færi fram sem næst notandanum og hjá þeim, sem þekktu til aðstæðna. Strætó BS hefði hins vegar yfir að ráða búnaði og aðgang að þekkingu í víðum skilningi til að aðstoða við útboð o.fl. Ekki væri hægt að sjá annað fyrir sér en að áfram yrðu akstursaðilar eða verktakar staðsettir í þéttbýliskjörnum þar sem akstur yfir á tengistaði hæfist, t.d. í tengslum við stóra vinnustaði, flugvöll o.fl.
- b) Fundargerð vinnuhóps um AL SAM AUST frá 25. jan. 2012.
Ásta Kristín og BHG gerðu grein fyrir efni fundargerðarinnar. Fyrir liggur fjármagn til að sinna þeim verkefnum, sem SSA yfirtók 1. jan. 2012, en það eru eftirt. leiðir:
 - i) Borgarfjörður / Egilsstaðir / Borgarfjörður
 - ii) Seyðisfjörður / Egilsstaðir / Seyðisfjörður
 - iii) Neskaupstaður / Egilsstaðir / Neskaupstaður og Reyðarfjörðu / Breiðdalsvík Reyðarfjörður
 - iv) Djúpivogur / Höfn / Djúpivogur
 - v) Egilsstaðir / Akureyri / Egilsstaðir (Akureyri / Egilsstaðir / Akureyri)
 - vi) Egilsstaðir / Höfn / Egilsstaðir (Höfn / Egilsstaðir / Höfn) - að sumarlagi

Samið hefur verið um allar leiðirnar nema þá síðustu vegna ársins 2012, en enn á eftir að ganga frá fyrirkomulagi fyrir þá síðustu sumarið 2012. Horft hefur verið til þess að fá sérfræðiaðstoð, t.d. frá Strætó BS, til að ná skammtímasamningi vegna þessa árs og einnig að það verði hluti af heildarútbóði á starfssvæði SSA til ársloka 2018, en samningurinn við samgönguþjófirvöld nær að óbreyttu til þess tíma.

Ekki var til sérstakt sérleyfi, sem fól í sér niðurgreiðslu á akstri milli þjóðveggar 1 og Vopnafjarðar og því ekki til skilgreint fjármagn í þá leið. Komið hefur fram ósk frá Vopnafirði að þessi möguleiki verði skoðaður. Stjórn SSA tekur undir það.

Í samræmi við lið 6 b) í fundargerð nefndarinnar fellst stjórn SSA á að framkvæmdaráð og eftir atvikum stjórn SSA taki við hlutverki vinnuhópsins sem vann að framgangi verkefnisins um almenningssamgöngur. Sérþekking sú, sem einstakir nefndarmenn búa yfir verði áfram nýtt við þróun verkefnisins á þeim svæðum, sem þeir þekkja best til á.

Næstu brýnu verkefni eru undirbúningur skammtímaútbóðs vegna leiðarinnar Egilsstaðir / Höfn / Egilsstaðir (Höfn / Egilsstaðir / Höfn) annars vegar og hins vegar heildarútbóð fyrir sérleyfi á öllu starfssvæði SSA frá og með 1. jan. 2013 að meðtölum leiðum, sem tengjast Akureyri og Höfn. Framkvæmdaráði SSA falið að vinna hratt og vel að þessum verkefnum.

- c) Drög að samningi milli SSA og Eyþings um almenningssamg. milli EGS og AEY. Stjórn SSA samþykkir drögin fyrir sitt leyti, enda byggja greiðslur skv. þeim á fjármagni sem fluttist til SSA frá Vegagerðinni með sérstökum samningi, sem undirritaður var undir lok árs 2011. Form. og/eða verkefnastjóra SSA veitt heimild til að undirrita samninginn á Akureyri 10. feb. 2012, en þar áforma þeir að sitja málþing um eflingu sveitarstjórnarstigsins.

Þeir hafa einnig heimild stjórnar SSA til að rita undir samning milli SSA / Eyþings annars vegar og Sérleyfisbíla Akureyrar hins vegar um framkvæmd almenningssamgangna á leiðinni Akureyri / Egilsstaðir árið 2012 á grundvelli fjármagns frá Vegagerðinni til að sinna þeirri leið.

3. Frá landshlutasamtökum sveitarfélaga (LHSS):

- a) SSNV; Stjórnarfundur 22. des. 2011. Fundarg. lögð fram til kynningar.
- b) Eyþing; Stjórnarf. 16. des. 2011 (fundur nr. 226). Fundarg. lögð fram til kynningar.
- c) SASS; Stjórnarfundur 9. des. 2011 (fundur nr. 452). Fundarg. lögð fram til kynningar.

4. Frá Samb. ísl. sveitarfélaga:

- a) Stjórnarfundur 16. des. 2011 (fundur nr. 792).
Fundarg. lögð fram til kynningar.
- b) Stjórnarfundur 27. jan. 2012 (fundur nr. 793).
Fundarg. lögð fram til kynningar.

5. Erindi og bréf:

- a) Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps, dags. 20. jan. 2012 v/ Sóknaráætlunar 20/20. (Sjá einnig undirgögn og bókun framkvæmdaráðs SSA undir lið 2 á fundi þess 22. jan. 2012). Sveitarstjórnin telur hlut Austurlands í fjárfestingaáætlun 2012 ákaflega rýran, en brýnt sé, að áfram verði unnið á þeirri braut, sem mörkuð hefur verið. Mælt er til þess að stjórn SSA hafi forgöngu um að boðaður verði við fyrstu hentugleika fundur með forsvarsmönnum verkefnisins S 20/20 og fulltrúum sveitarfélaga á starfssvæði SSA.

Ákveðið var að verða við ósk sveitarstjórnarinnar, enda er það í samræmi við áherzslur forsvarsmanna SSA.

- b) Guðm. H. Bjarnason, dags. 28. jan. 2012 v/ umskipunarhafnar f. NA-siglingarleiðina.

Bréfitari kynnir möguleika Íslands, sem opnast munu samhliða opnun siglingaleiðar yfir Norðurpólinn, vegna legu landsins. Hann áformar að stofna undirbúningsfélag héraendis um verkefnið og leitar fjárstuðnings m.a. frá SSA. Heildarfjárvöntun er um 5 milljónir króna, sem varið yrði til stofnunar fyrirtækis til að vinna að framgangi málsins.

Stjórn SSA hafnar erindinu.

- c) Björn Ármann Ólafsson, tp. dags. 24. jan. 2012 v/ Vatnajökulsþjóðgarðar.
SBS kynnti málið. Einnig lágu fyrir upplýsingar frá ASv. sem vann að framgangi málsins sem þingmaður á sínum tíma. Ljóst er að fyrirheit, sem gefin voru við stofnun þjóðgarðsins eru þverbrotin og ekkert samráð mun hafa verið haft við sveitarstjórnir á áhrifasvæði hans, en þar eiga m.a. hlut að máli Fljótsdalshérað og Fljótsdalshreppur. Fyrir liggur að forsvarsmenn hlutaðeigandi sveitarfélaga hafa verið að funda um málið og fyrir liggja drög að áherzlum, sem send munu verða stjórnvöldum. Voru þær lítillaga kynntar af SBS á fundinum. Stjórn SSA geldur varhug við áformum stjórnvalda og tekur undir áherzlur sveitarfélaganna. Formanni og verkefnastjóra falið að koma álitum stjórnarinnar á framfæri við þingmenn o.fl., þegar endanlegar áherzlur sveitarfélaganna liggja fyrir.

6. Möguleikar á fundum með þingm. NA-kjd. í þingmannaviku 6. – 10.

Skv. tölvupósti, sem barst frá 1. þingm. NA-kjd. eftir að dagskrá var sett upp fyrir stjórnarfundinn, verður ekki hægt að koma á samráðsfundi við þingmannahópinn í heild á framangreindum tíma. Virðist þessi vinnuvika vera sett upp í því sjónarmiði að gera þingmönnum kleift að rækta sambönd sín heima í héraði og hlúa að grasróinni þar eftir kalskemmdir vetrarins. Enginn þingmanni hefur þó t.d. sett sig í samband við forsvarsmenn SSA og óskað eftir viðræðum við þá og/eða lýst áhuga á að kynna sínar áherzlur og eftir atvikum fá hollar ábendingar um framfaramál, er varðað gætu hagsmuni fjórðungsins.

7. Samantekt um Atvinnuþróunarsjóð Austurlands og úthlutanir 2006 – 2011.

Skjalið barst frá Atvinnuþróunarsjóðnum / Þróunarfélagi Austurlands í kjölfar beiðni frá forsvarsmönnum Fjarðabyggðar s.l. haust. Verkefnastjóri SSA sendi það beint áfram til forsvarsmanna allra sveitarfélaganna eftir að það barst skrifstofu SSA. Engin viðbrögð hafa borizt enn sem komið er.

Stjórn SSA þakkar framkomin gögn og gerir ekki athugasemdir við að unnið verði að framtíðarfyrirkomulagi á vettvangi AST um samstarf sveitarfélaganna á starfssvæðinu varðandi verkefni þau, sem sjóðnum var ætlað að annast.

8. Skýrsla formanns og framkvæmdastjóra:

- a) Verkefnið Skatttekjur og ríkisútgjöld í NA-kjörd. Kynningarfundur fyrir sveitarstjórnarmenn á starfssvæði SSA o.fl. er fyrirhugaður fljótlega. Annað hvort verður boðað til sérstaks kynningarfundar fljótlega eða kynningu komið á í tengslum við næsta stjórnarfund, sem yrði að öllu óbreyttu um eða upp úr miðjum marz.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 15:50.

Bj. Hafþór Guðmundsson, fundarritari.